



Öndunarfærasýkingar


Vikur 40-41

2. – 15. október 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


Fjöldi COVID-19 greininga er svipaður og hefur verið undanfarnar fjórar vikur eftir aukningu í byrjun hausts. Í viku 40 greindust 47 einstaklingar með staðfesta COVID-19 sýkingu en í viku 41 var fjöldi greininga 43. Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna hefur verið um og yfir 20% undanfarnar vikur (Mynd 1). Fjöldi klínískra greininga COVID-19 var 69 í viku 40 og 47 í viku 41.



Mynd 1. Vikulegur fjöldi COVID-19 greininga ásamt hlutfalli jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna frá hausti ársins 2022.


Rhinoveira og aðrar öndunarfæraveirur

Margir greindust með rhinoveiru í septembermánuði en heldur færri sýni voru greind á sýkla- og veirufræðideild Landspítala undanfarnar tvær vikur, sjá mynd 2. Algengustu öndunarfæraveirusýkingar sem greinast um þessar mundir eru rhinoveira og COVID-19. Rhinoveira er algengasta orsök kvefs en fjallað var ítarlega um rhinoveirur í síðasta [fréttabréfi](#).



Mynd 2. Vikulegur fjöldi rhinoveiru-greininga frá hausti 2022.

Hlutfall jákvæðra sýna, af heildarfjölda sýna þar sem greinast öndunarfæraveirur, hefur farið lækkandi frá upphafi septembermánaðar (frá viku 36) og var það 16% í viku 41 (Mynd 3).




Mynd 3. Vikulegur fjöldi öndunarfærásýna og hlutfall jákvæðra sýna frá hausti 2022. COVID-19 sýni telja ekki í þessari mynd.

Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Inflúensa


Í haust hafa stöku tilfelli greinst í viku hverri líkt og oft áður en faraldur er ekki farinn að láta á sér kræla enn. Í viku 40 greindust tveir einstaklingar með staðfesta inflúensu og þrír í viku 41, allir með inflúensustofn A. Síðastliðinn vetur var inflúensan fyrr á ferðinni samanborið við veturna þar á undan en síðastliðna tvo vetur greindust talsvert fleiri með staðfesta inflúensu samanborið við árin 2015–2020 (Mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur og síðastliðna tvo vetur samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi einstaklinga sem liggur á sjúkrahúsi með öndunarferaveirusýkingu hefur aukist undanfarið, en í viku 40 voru 50 einstaklingar innliggjandi á Landspítala með öndunarferaveirusýkingu. Af þessum einstaklingum höfðu flestir greinst með COVID-19 og rhinoveiru. Þessi fjöldi er talsvert meiri en var á sama tíma síðastliðið haust og veldur það auknu álagi á Landspítala. (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi einstaklinga innlagðra á legudeild sem hafa greinst með öndunarfaraveirusýkingar frá hausti 2022. Gögn fengin frá Landspítala.

Samantekt

Töluvert er um öndunarfarasýkingar í samfélaginu og niðurstöður frá öndunarfarasýnum sýna að algengustu orsakirnar eru rhinoveira og COVID-19.

Fjöldi COVID-19 greininga hefur lækkað lítillega undanfarnar fjórar vikur eftir aukningu fyrr í haust. Greiningum á rhinoveiru hefur einnig fækkað sem og hlutfall jákvæðra öndunarfarasýna á sýkla- og veirufræðideild Landspítala. Enn er lítið um staðfesta inflúensu. Talsvert fleiri liggja inni á sjúkrahúsi með greiningar af völdum öndunarfaraveira nú en á sama tíma síðastliðið haust.

Staðan í Evrópu

Tíðni öndunarfarasýkinga fer hækkandi í Evrópu og að hluta til er skýringin vegna COVID-19. Aukning COVID-19 tilfella er í öllum aldurshópum en mest meðal 65 ára og eldri. Hefur þetta leitt lítillega til aukinnar tíðni innlagna á sjúkrahús og gjörgæslu. Aðeins aukin dánartíðni vegna COVID-19 hefur sést í 5 löndum Evrópu, hjá einstaklingum 65 ára og eldri. XBB.1.5 afbrigði ómíkrón með F456L stökkbreytingu eru áfram í mestri dreifingu í Evrópu og í heiminum. Fá inflúensutilfelli hafa greinst í Evrópu.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

